

REGLUGERÐ

um (17.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Við c-staflið 29. gr. (þ.e. lyf, sem tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum) bætist:

A 07 A A 02	Nystatinum
D 01 A A 02	Nystatinum
D 06 A	Sýklalyf
D 06 B B 03	Aciclovirum

2. gr.

31. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

„Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til notkunar við störf sín lyfjum þeim, sem greind eru í 29. gr., með þeim takmörkunum, sem þar greinir, auk staðeyfilyfja (N 01 B) og Epinephrinum (Adrenalinum) (R 03 C A 01). Ennfremur þeim lyfjum, sem greind eru í 30. gr. í formi stungulyfja og taflna.“

3. gr.

Í viðauka 4 við reglugerðina við efnið Bisacodylum skal standa undir dálkinum „Hámarks magn og/eða takmarkanir“:

„Endaþarmsstílar 10 mg; mest 12 stk. handa einstaklingi.“

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. apríl 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. mars 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. mars 1994 staðfest sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.